

# UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík  
Sími: 510 6700 • Grænt nr: 800 6450 • Mynds: 510 6701  
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F109/2022

Reykjavík, 1. febrúar 2022


Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir  
háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra  
Arnarhvoli við Lindargötu  
101 Reykjavík

Í frétt sem birt var á heimasíðu Stjórnarráðs Íslands 31. janúar sl. var greint frá setningu Ásdísar Höllu Bragadóttur í embætti ráðuneytisstjóra nýs háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis frá 1. febrúar 2022. Þar kemur fram að setningin sé tímabundin til þriggja mánaða á meðan auglýst verði eftir ráðuneytisskjóra fyrir hið nýja ráðuneyti.

Í ljósi þess að verið er að setja á fót nýtt ráðuneyti verður ekki annað ráðið en að um nýtt embætti innan ráðuneytisins sé að ræða. Af þessu tilefni er óskað eftir upplýsingum um hvort umrætt embætti hafi verið auglýst laust til umsóknar. Hafi svo ekki verið óska ég eftir skýringum, sbr. 9. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, á hvaða lagagrundvelli það hafi verið gert og þá með hliðsjón af ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Í þessu sambandi bendi ég m.a. á sjónarmið sem rakin eru í álitum umboðsmanns Alþingis frá 15. júní 2018 nr. 9487/2017 og 29. desember 2008 í máli nr. 5519/2008.

Það er ósk mín að svar við bréfi þessu berist mér eigi síðar en 11. febrúar nk. ásamt gögnum um umrædda ráðningu, þ.m.t. afrit af setningarbréfi og ráðningarsamningi hafi hann verið gerður.

Virðingarfyllst,



Skúli Magnússon